Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, mánudaginn 13. október 2025 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Guðrún C. Emilsdóttir og Jóhannes B. Sigtryggsson. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Fundur í fullskipaðri málnefnd

Fundur í fullskipaðri málnefnd verður haldinn 23. október kl. 16. Rætt verður um áhersluatriði næsta árs sem samkvæmt stefnuskrá málnefndar 2024–2027 eru íslenska, snjalltæki og unga fólkið.

2) **Önnur mál**

a. Málræktarþing

Málræktarþing var haldið í Eddu fimmtudaginn 25. september. Yfirskrift þingsins var *Íslenska og stjórnsýslan* og haldin voru sex stutt erindi auk ávarps ráðherra. Á málræktarþinginu var kynnt ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2025 sem bar yfirskriftina *Regluverk íslensku*. Glatkistan fékk viðurkenningu Íslenskrar málnefndar í ár fyrir að koma alfræðiefni á netið. Málræktarþingið var vel sótt og fjallað var um ályktunina um stöðu íslenskrar tungu í bæði í Morgunblaðinu og í þættinum Speglinum í Ríkisútvarpinu.

b. Umsögn

Íslensk málnefnd sendi umsögn í Samráðsgátt um stjórnarfrumvörp um markaðssetningarlög (S-181/2025) og lýsti ánægju með 14. gr. laganna, þ.e. þá meginreglu að auglýsingar skuli vera á íslensku.

c. Fernuflug

Íslensk málnefnd á fulltrúa í dómnefnd nýs fernuflugs Mjólkursamsölunnar sem nú er í undirbúningi. Fernuflug er textasamkeppni grunnskólanemenda í 8.–10. bekk og verða bestu textarnir birtir á mjólkurfernum MS í upphafi árs 2026.

d. Málfregnir

Áætlað er að Málfregnir, vefrit Íslenskrar málnefndar, komi út á degi íslenskrar tungu 16. nóvember.

e. Dagur íslenskrar tungu.

Umræður um hvort og hvernig Íslensk málnefnd gæti verið sýnilegri á degi íslenskrar tungu.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17.05

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.